

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Vestmannaeyja,
nr. 116 22. ágúst 1949.

7

15. jan.

Auk heimildar til hækkunar í V. kafla gjaldskrárinnar skal heimilt að hækka gjöld samkvæmt I. kafla um allt að 30%, þar til annað kynni að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. janúar 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af benzíni.

8

16. jan.

1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum nr. 68 25. maí 1949, verður endurgreitt úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, ef sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað til bifreiða.

2. gr.

Innflutningsgjaldið endurgreiðist eftir á fyrir hvert almanaksár.

Þeir, sem hafa notað að minnsta kosti 250 lítra af benzíni á undanfögnu ári til annars en bifreiða, eiga rétt til endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af benzíni. Þeir, sem minna hafa notað, eiga ekki rétt á endurgreiðslu.

3. gr.

Hver notandi um sig sæki um endurgreiðslu af því benzíni, er hann hefur sjálfur notað.

Endurgreiðslubeiðni skal stíluð til fjármálaráðuneytisins og undirrituð af notanda sjálfum og tilgreind staða hans og heimilisfang, götunafn í kaupstöðum. Skal í beiðninni standa, hve margir lítrar benzíns hafi á árinu verið notaðir til annars en bifreiða, til hverra nytja það hefur farið, og ef um notkun til fleira en eins er að ræða, hve mikið af benzíni hafi farið til hverrar um sig. Ef um er að ræða notkun til bifvélar, ber að tilgreina tegund hennar (verksmiðjunafn) og hestaf, svo og notkunartíma. Beiðnunum skulu, eftir því sem við á, fylgja þessi gögn:

1. Ef benzínið er keypt innanlands, kvittaður sölureikningur. Nú er sölureikningur ekki greiddur, og skal seljandi þá votta á reikninginn, að benzínið sé kaupanda selt og sé hans eign, en honum lánað söluverðið.
2. Ef notandi hefur flutt benzínið inn sjálfur, vottorð lögreglustjóra í því umdæmi þar sem inn er flutt, um það og greiðslu innflutningsgjalds af því.